

**Skýrsla formanns á aðalfundi Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK  
í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, fimmtudaginn 12. febrúar 2009, kl. 17.**

57. aðalfundur MFÍK.

Skráðar eru 159 konur í Menningar- og friðarsamtökin (voru 163 á síðasta aðalfundi).  
Tvær félagskonur létust á árinu, þær Þórunn Magnúsdóttir, sem var heiðursfélagi MFÍK  
og Ása Torfadóttir. Við þökkum þeim samfylgdina.

Brynja Björg Halldórsdóttir og Eva Hauksdóttir gengu í félagið á árinu og eru þær boðnar  
velkomnar í hópinn.

4 óvirkar félagskonur voru teknar af félagaskrá.

**Starfsemi:**

Haldnir voru 6 formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda (2008: 20/4, 7/5, 8/9, 25/10, 18/11  
og 24/1 2009, en auk þess afgreiddi stjórnin ýmis verkefni í gegnum síma eða vann sín  
á milli í tölvupósti.

5 fundir voru haldnir til að undirbúa 8. mars 2008 (6/2, 13/2, 20/2, 27/2 og 5/3) og  
undirbúningur fyrir 8. mars 2009 er kominn á rekspöl. Þegar hafa verið haldnir 2 fundir  
með samstarfsaðilum.

4 opnir félagsfundir voru haldnir í Friðarhúsi: 9. apríl, 21. maí, 7. okt. og 4. nóv. og segir  
frá efni þeirra hér á eftir.

Kvöldverður var seldur í upphafi allra félagsfunda. Það gefur tækifæri til samskipta auk  
þess að vera mikilvæg tekjulind þar sem félagsgjöld skila sér takmarkað.

MFÍK stóð fyrir tveimur fjáröflunarkvöldverðum til styrktar reksturs Friðarhúss:  
29. apríl sá Rúbý um mat með fulltingi Ragnhildar Kjeld en skáldkonurnar Guðrún  
Hannesdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir lásu ljóð.

31. okt. eldaði Rúbý enn á ný, enda margir komnir með matarást á henni.

Únettinn Harpa (Sólveig Thoroddsen) lék og söng og Lárus Páll Birgisson fór með tölu sem hann flutti síðan daginn eftir á Austurvelli.

Frá bankahruni í október hefur talsverð orka farið í „borgaralega óhlýðni“ og þátttöku í svokallaðri „búsáaldabyltingu“. Félagar hafa mætt á 18 laugardagsfundum á Austurvelli auk ýmissa annarra aðgerða. Magnea Björk Valdimarsdóttir átti frumkvæði og skipulagði leikræn mótmæli við Stjórnarráðið 15. des. undir yfirskriftinni „Við sitjum ekki aðgerðalaus“. MFÍK-félagar fjölmenntu og vakti uppákomu verðskuldaða athygli.

Að venju unnu fulltrúar MFÍK að undirbúningi kertaflýtingar á Tjörninni í ágúst og friðargöngu á Þorláksmessu, ásamt öðrum í samstarfshópi friðarhreyfinga.

Árleg bókmenntakynning var haldin laugardaginn 13. desember.

Fundarstaðir MFÍK voru í: Friðarhúsi, Njálsgötu 87, í MÍR-sal, Hverfisgötu 105, Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og heima hjá stjórn.

### **Helstu viðburðir ársins:**

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann **8. mars** var haldinn í **Ráðhúsi Reykjavíkur** undir yfirskriftinni **“Friður og menning”**. MFÍK átti frumkvæði að fundinum að venju. Þar töluðu: Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði: Páttur verkalýðshreyfingar í menningu. Petra Deluxsana, í stjórn Samtaka kvenna af erl. uppruna: Leit að hamingju, Kristín Vilhjálmsdóttir, kennari: Fljúgandi teppi, Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við KHÍ: Friður á heimilinu – sjónahóll barna, María S. Gunnarsdóttir, form. MFÍK: Friðaruppeldi. Guðrún Lára Pálmadóttir, trúbadúr söng, Ólöf Nordal, myndlistarmaður sagði frá verki sínu Bríetarbrekka og leikhópurinn Opið út sýndi brot úr mammamma. Ljósmyndasýrpa Hörpu Stefánsdóttur „Konur heims“ var varpað upp.

Í föndurhorni friðarsinna voru skornir út friðarsvanir og snúin vinabönd – það var í höndum Unu Sigtryggisdóttur, Leu-Maríu Lemarquis og

Sú nýbreytni var að aðstandendur fundarins sem vildu gátu kynnt starfsemi sína til hliðar í salnum og dreift upplýsingum.

Fundarstjóri var Kristín Steinsdóttir, rithöf. og MFÍK-félagi. Alls voru 16 aðilar, stéttarfélög og samtök skráð fyrir fundinum sem var mjög vel sóttur.

**15.mars** : fimm ár liðin frá innrásinni í Írak: **mótmælafundur á Ingólfstorgi** gegn stríðsrekstri Bandaríkjanna og Nató í Íran og Afganistan. Samtök hernaðarandstæðinga skiplögðu aðgerðir.

**9. apríl** : Helga Kress hélt erindi um Ólöfu frá Hlöðum á 100 ára ártíð skáldkonunnar og brautryðjandans.

**21. maí** : Eygló Bjarnardóttir sýndi myndir og sagði frá ferð sinni til Malaví.

**30.maí** : **Mótmælt komu Condolezzu Rice til Íslands** á Austurvelli og vakin athygli á meðferð fanga í Guantanamo-fangabúðunum.

**Í ágúst** : **Árleg kertafleyting á Reykjavíkurtjörn.**

**Vetrarstarfið hófst með stjórnarfundum 8.september** í Hildibrandshúsi þar sem lagðar voru línur fyrir starf vetrarins.

**Í september** kom Margareta Nordh, félagi í Svensk Kvinnors Vänsterförbund systursamtökum MFÍK í Svíþjóð í heimsókn. Maddý og María hýstu hana en Guðrún bauð til fundar á heimili sínu **24.sept.** svo áhugasamar fengju að hitta gestinn.

**7. okt.** sögðu Anna Sigríður Hróðmarsdóttir og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir frá European Social Forum sem þær tóku þátt í 17. – 21. sept. í Gautaborg.

**4. nóv.** kynnti Sigurlaug Gunnlaugsdóttir rannsókn sína á farandverkakonum í fiskvinnslu.

**Árleg bókmenntakynning** var haldin í MÍR-sal, laugardaginn 13.des. kl. 14.

Úr nýjum bókum sínum lásu: Gunnar Theodór Eggertsson, Álfrún Gunnlaugsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Ármann Jakobsson.

Þá kynnti Vilborg Dagbjartsdóttir Dagbók Hèlène Berr í þýðingu Ólafar Pétursdóttur.

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Guðrúnu

Porgeirsdóttur og Sesselju Gunnarsdóttur. Lea María Lemarquis sá um söluborð og seldi m.a. kort, eldspýtustokka og heimatilbúna osta.

Margrét Guðmundsdóttir var kynnir og flutti ágætan pistil um MFÍK og vilja friðarsinna.

Bókmenntakynningin var að venju ánægjuleg samkoma.

Ágóði af kaffisölu var afhentur Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

**Harðræði Ísraels gagnvart íbúum Palestínu** fór síversnandi þótt jafnvel svartsýnustu sæju ekki fyrir hvílíkar hörmungar væru framundan. **5. mars** var útifundur á Lækjartorgi til að verkja athygli á því að flóttamannabúðirnar á Gasa væru réttnefndar fangabúðir.

**30. des. Útifundur á Lækjartorgi** til að mótmæla blóðugu ofbeldi Ísraelshers á Gasa.

María var einn þriggja ræðumanna og hvatti utanríkisráðherra til að kalla sendiherra

Ísraels á Norðurlöndum á sinn fund til að gera stjórn Ísraels grein fyrir afstöðu Íslands.

**8. jan.** fjölmenntu MFÍK félagar á fund og mótmælastöðu við bandaríska sendiráðið og

einnig í Háskólabíó **10. jan.** þar sem Össur Skarphéðinsson mætti sem starfandi

utanríkisráðherra í forföllum Ingibjargar Sólrúnar. Félagið Ísland-Palestína skipulagði.

**28. jan. Nató-mótmæli** við gömlu Hótel Esju (Suðurlandsbraut). Harkaleg framganga lögreglu gagnvart friðarsinum.

**30. jan.** sátu Anna Sigríður Hróðmarsdóttir og María **málþing Mannréttindaskrifstofu um löggjöf gegn mismunun á Íslandi.** Þar kom m.a. fram að hér á landi erum við vel áratug á eftir nágrannaþjóðum.

**Útgáfa og skrif félaga og umfjöllun um MFÍK:**

Guðríður Sigurbjörnsdóttir heldur úti **heimasíðu MFÍK** <http://www.mfik.is> og í höndum hennar hefur heimasíðan loks orðið virkur miðill.

Póstsendingar hafa þó ekki lagst af enda ekki eru allar félagskonur með tölvupóst.

Á heimasíðunni fridur.is birtast líka fréttir af starfi MFÍK.

**Fréttabréf** komu út í **maí 2008, haust 2008 og desember 2008**. Í fréttabréfi hausts var birt dagskrá til áramóta og dagskrá bókmenntakynningar í desemberblaði. Þá var dagskrá 8. marsfundar einnig send í pósti.

Að venju varð nokkur fjölmiðlaumfjöllun um MFÍK í kringum 8. mars. Viðtal birtist við Maríu í Morgunblaðinu og grein eftir hana í 24 stundum til að vekja athygli á fundinum í Ráðhúsinu. Hins vegar hefur gengið misvel að fá birtar ályktanir frá félaginu og áfram kemur fyrir að greinar birtast ekki í landi prentfrelsisins.

Grein eftir Guðrúnu Hannesdóttur „Menn með mönnum“ birtist í Mbl. 03.12.08

Tvær greinar Maríu um Palestínu birtust í Mbl. „Blóðið rennur á meðan málin eru rædd“ (10.01.09) og „Sýnum hug okkar og sniðgöngum Ísrael“ (23.01.09)

Meðal **ályktana og yfirlýsinga** má nefna:

Í lok árs (29.12.08) sendi stjórnin utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, ályktun vegna árása Ísraelshers á Gasa.

Í janúar 2009 sendi stjórnin frá sér ályktun vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu og sendi um leið heilbrigðisráðherra spurningar þar að lútandi.

**Erlend samskipti:**

MFÍK hefur átt sæti í stjórn Evrópudeildar Alþjóðasamtaka lýðræðissinnaðra kvenna frá 2002. S.l. ár höfðum við ekki tök á að mæta til samráðsfunda og urðum að láta duga að senda skrifleg skilaboð frá MFÍK. Á þessum vettvangi höfum við að undanfögnu vakið athygli á vatni sem vaxandi vandamáli. Sömdum texta þar að lútandi en höfum ekki fundið verulegan samhljóm ennþá meðal systursamtaka en það mun koma. Við teljum í

raun þótt einkennilegt sé að þarna séum við með forskot, þótt við búum í vatnsauðugu landi.

MFÍK er áfram skráð í **Europe for Peace**, sem stefnir að kjarnorkuvopnalausri Evrópu.

Í lok árs 2008 þáðum við boð um þátttöku MFÍK í nýstofnuðu norrænu samstarfi (09.11.08) **Nordic Network against Uranium**. Markmiðið er að samræma aðgerðir og deila þekkingu og reynslu. Guðríður er tengiliður MFÍK.

Þá er MFÍK skráð stuðningsaðili **Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis** sem er alþjóðlegt átak.

### **Stjórnarkjör:**

Frá síðasta aðalfundi, þ. 30. janúar 2008 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður

Bergþóra Gísladóttir, varaformaður

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri

Ragnhildur Kjeld, ritari

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, erlendur bréfitari

Guðrún Hannesdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Magnea Björk Valdimarsdóttir, meðstjórnendur

Helga Pálsdóttir og Harpa Stefánsdóttir, varamenn.

Þetta er áfram einni konu fleira en lög félagsins kveða á um og segir sitt um félagsandann.

Samkvæmt lögum MFÍK eru formaður og varaformaður kosnar sérstaklega, sitt hvort árið til tveggja ára í senn. Í ár er varaformannskjör. Bergþóra Gísladóttir, varaformaður s.l. 2 ár biðst undan endurkjöri. Við þökkum henni vel unnin störf og treystum því að áfram njótum við samstarfs við hana í þágu friðar.

Harpa Stefánsdóttir hefur beðið lausnar úr stjórn. Þökkum við henni samstarfið og vonumst til að sjá hana í stjórn að nýju þegar námi lýkur.

Öllum meðstjórnendum þakka ég afar ánægjulegt samstarf og margar góðar stundir í þágu friðar eins og upptalning ber með sér.

### **Hvað er framundan?**

Það er enginn verkefnaskortur framundan hjá MFÍK .

Vatnsmálin ein og sér væru nóg.

Um allan heim hringir nú viðvörunarbjöllum í hugum friðarsinna því sagan sýnir að í kjölfar kreppu fylgja iðulega ófriðartímar.

Kjarni MFÍK er FRIÐUR og hlutverk okkar er að tala máli friðar. Sem hópur og sem einstaklingar þurfum við að nota hvert tækifæri til að tala gegn hernaðarhyggju.

Hernaður er og hefur ævinlega verið mannanna verk en friður getur verið það líka.

Friður er vilji.

Við viljum frið og við viljum afvopnun.

Við viljum sjá öll kjarnorkuvopn eyðilögð, framleiðslu efnavopna bannaða og að komið verði í veg fyrir hvers kyns sýklahernað.

Þá er verk að vinna ef takast á að endurheimta trúverðugleika Íslands sem þjóð friðar.

Til viðbótar við aðra óáran sem nýfrjálshyggjan hefur leitt yfir landið þá hefur ímynd þjóðarinnar sem friðelsk, herlaus þjóð glatast .

Við teljum að fjármunum sem fara í Varnarmálastofnun og aðild að hernaðarbandalaginu

Nató mætti betur verja. Friðarsinnar sem mótmæltu Nató-fundarhöldum 28. janúar og

urðu vitni að hörkulegu framferði lögreglu hafa aldrei verið sannfærðari: Það er löngu

tímabært að segja skilið við hernaðarbandalagið. Það er viðeigandi að Ísland gangi úr

Nató 30. mars n.k.. og legg ég til að aðalfundur feli nýkosinni stjórn MFÍK að senda

sitjandi ríkisstjórn og utanríkisráðherra svohljóðandi áskorun.

Skráð í febrúar 2008

María S. Gunnarsdóttir.

